Viðurlög við brotum.

46. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt var af hreppsnefnd Hríseyjar hinn 20. september 1973, staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 8. nóvember 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 324. 12. nóvember 1973.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Norðurár, Mýrasýslu.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Norðurár í Borgarfirði. Heimili þess og varnarþing er þar, sem formaður á heima.

2. gr.

Félagið er stofnað í þeim tilgangi að gera sem arðbærasta laxveiði í Norðurá. Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að selja ána á leigu til stangarveiða, en koma í veg fyrir allar aðrar aðferðir við veiði í henni, nema að svo miklu leyti, sem nauðsyn þykir að nota netaveiði til þess að ná í klaklax. Þó skal silungsveiði heimil veiðieigendum neðan Stóru-Grafarveiða utan samningstíma leigutaka eftir ákvörðun stjórnar félagsins og Veiðimálastjóra.

3. gr.

Félagssvæðið er Norðurá frá ósi, þar sem hún fellur í Hvítá, enn fremur Hellisá, Austurá, Búrfellsá, Hvassá og Sanddalsá, sem allar falla í Norðurá.

4. gr.

Félagsmenn eru ábúendur allra jarða, svo og eigendur eyðijarða, enn fremur formaður Upprekstrarfélags Þverárréttar, sem veiðirétt á í Norðurá. Þessar jarðir eiga lönd að félagssvæðinu: Ferjukot, Ferjubakki I, Ferjubakki II, Ferjubakki III, Sólheimatunga, Svignaskarð, Haugar, Munaðarnes, Stóragröf, Grafarkot, Litla-Skarð, Laxfoss, Hreðavatn, Brekka, Hraunsnef, Desey, Hvassafell, Dalsmynni, Klettstía, Hreimsstaðir, Dýrastaðir, Hvammur, Sanddalstunga, Fornihvammur, afréttarland Sveinatungu, Krókur, Hákonsstaðir, Hóll, Hafþórsstaðir, Skarðshramrar, Glitstaðir, Svartagil, Veiðilækur, Einifell, Arnarholt, Hlöðutún, Stafholt, Svarfhóll, Melkot, Flóðatangi.

5. gr.

Veiði öll skal óheimil í ánni nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Skal fram tekið í veiðileyfi, að eigi sé heimilt að nota önnur veiðitæki en

stöng, (samanber þó síðustu málsgrein annarrar greinar), til hve langs tíma leyfið sé veitt, og á hverju svæði árinnar það heimili að veiða.

6. gr.

Félagsstjórnin hefur heimild til að leigja einstökum mönnum eða félögum alla ána eða hluta af henni um tiltekið árabil, þó aldrei fyrir lengri tíma í einu en 5 ár. Í slíkum samningi skal jafnan tekið fram, með hve mörgum stöngum megi veiða samtímis á hinu leigða veiðisvæði og önnur skilyrði fyrir veiðinni.

7. gr.

Stjórn félagsins skipa 5 menn, formaður og 4 meðstjórnendur og jafnmargir til vara. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin skal kosin á aðalfundi til þriggja ára í senn, en 2 ganga úr stjórn á fyrsta og öðru ári en 1 á þriðja ári.

Aðalfundur kýs einnig tvo endurskoðendur félagsreikninga og jafnmarga til vara.

8. gr.

Stjórnin hefur á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins milli aðalfunda. Hún hefur og eftirlit með því að samþykktum félagsins sé hlítt, og má ráða mann sér til aðstoðar til þess að hafa eftirlit með veiðinni o. fl.

9. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 15. júní. Aðalfund skal boða með auglýsingu í Ríkisútvarpinu tvo daga í röð eða bréflega eigi síðar en viku fyrir fundardag. Á fundi skal liggja frammi skrá um atkvæðisbæra félagsmenn. Nú er ráðgert að breyta samþykktum eða arðskrá og skal þess getið í fundarboði. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram áætlun og tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þar leggur hún fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá. Hann kveður og á um laun stjórnar og annarra starfsmanna félagsins. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt eða arðskrá að hljóta samþykki $^2/_3$ félagsmanna.

10. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt **arðskrá**, sem lögmætur fundur hefur samþykkt. Um gildistíma og endurskoðun fer eins og segir í 50. gr. laga nr. 76/1970 frá 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði. Kostnað af starfsemi félagsins skulu félagsmenn greiða í sama hlutfalli, sem þeir taka arð.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hluta eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. nóvember 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.